

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 28. maí 2013 í máli nr. E-4633/2011:

LBI hf.

(Kristinn Bjarnason hrl.)

gegn

UniCredit Bank AG

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Mál þetta, sem var dómtekið 30. apríl sl., var höfðað 1. desember 2011, sbr. niðurlag 93. gr. laga nr. 91/1991, af LBI hf., áður Landsbanki Íslands hf., Álfheimum 74 í Reykjavík, gegn UniCredit Bank AG, Kardinal-Faulhaber-Straße 1 í München í Þýskalandi.

Stefnandi krefst þess aðallega að staðfest verði með dómi riftun á greiðslu Landsbanka Íslands hf. á peningamarkaðsinnláni að fjárhæð 2.751.241.319 kr. til stefnda þann 9. október 2008. Jafnframt krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 2.751.241.319 kr. með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 9. október 2008 til 15. september 2011 en með dráttarvöxtum samkvæmt 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst stefnandi þess að á fjárkröfuna reiknist vextir samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 9. október 2008 til 15. september 2011 en með dráttarvöxtum samkvæmt 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun. Stefndi gerði einnig þá kröfu í greinargerð sinni að málinu yrði vísað frá dómi en með úrskurði, uppkveðnum 24. maí 2012, var þeirri kröfu hafnað.

Málsatvik og ágreiningsefni

Þann 6. október 2008 gerðu stefnandi og UniCredit CAIB AG með sér samning um lán, sem vísað er til sem peningamarkaðsinnláns af báðum málsaðilum. Lagði UniCredit CAIB AG inn 2.750.000.000 kr. hjá stefnanda þann sama dag og skyldi fjárhæðin bera 16,25% ársvexti. Umsaminn gjalddagi lánsins var 7. október 2008 og námu umsamdir vextir því samtals 1.241.319 kr.

Samkvæmt heimild í 100. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., tók Fjármálaeftirlitið 7. október 2008 yfir vald hluthafafundar í stefnanda, sem þá hét Landsbanki Íslands hf. en nú LBI hf., vék stjórn hans frá og setti yfir hann skilanevnd. Á grundvelli sömu laga tók Fjármálaeftirlitið þann 9. október 2008 ákvörðun um að færa tilteknar eignir og skuldbindingar stefnanda inn í nýjan banka, Nýja Landsbanka Íslands hf., síðar NBI hf. og nú Landsbankinn hf., og tók sá banki til starfa að morgni 9. október 2008. Stefnanda var eftir það veitt heimild til greiðslustöðvunar, með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 5. desember 2008. Með lögum nr. 44/2009, þar sem breytt var nokkrum ákvæðum áður nefndra laga, var bankinn síðan tekinn til slita og skyldi upphaf þeirra miðast við 22. apríl 2009, þegar lögin öðluðust gildi. Er frestdagur við slitameðferðina 15. nóvember 2008 samkvæmt III. bráðabirgðaákvæði laganna. Þann 29. apríl 2009 skipaði Héraðsdómur Reykjavíkur slitastjórn sem annast meðal annars meðferð krafna á hendur bankanum.

Undanfari framangreindra aðgerða var sú lausafjárkreppa sem hófst á fjármálamörkuðum upp úr miðju ári 2007 og leiddi meðal annars til alvarlegrar stöðu stefnanda þegar leið á árið 2008. Ríkisstjórn Íslands tilkynnti 29. september 2008 um yfirtöku ríkisins á 75% af hlutafé í Glitni banka hf. og í stefnu segir m.a. að á þessum tímamarki hafi legið fyrir að stefnandi uppfyllti ekki kröfur sem til hans voru gerðar um stöðu eiginfjárgrunns. Þar er jafnframt rakið að föstudaginn 3. október 2008 hafi fjármálaeftirlitið í Bretlandi sett fram kröfu sem stefnanda hafi verið ómögulegt að fjármagna nema með fyrirgreiðslu Seðlabanka Íslands. Helgina 4. til 5. október 2008 hafi beiðnir um úttektir af Icesave reikningum stefnanda jafnframt aukist verulega og ekki verið unnt að greiða út allar beiðnir. Við upphaf viðskipta mánudaginn 6. október 2008 hafi legið fyrir að Seðlabanki Íslands væri ekki reiðubúinn að lána stefnanda þá fjármuni sem hann þurfti til að mæta kröfum breska fjármálaeftirlitsins. Stefnandi hafi því ekki getað staðið við skuldbindingar sínar við upphaf viðskipta umræddan dag og verið ógjaldfær. Þennan sama dag kl. 16 flutti forsætisráðherra ávarp til þjóðarinnar og um kvöldið voru lög nr. 125/2008 sett.

Upplýst er í málinu að peningamarkaðsinnlán sem fjármálafyrirtæki höfðu lagt inn hjá stefnanda voru í upphafi færð yfir til Nýja Landsbanka Íslands hf. og að sá banki endurgreiddi áðurgreint peningamarkaðsinnlán til UniCredit CAIB AG hinn 9. október 2008, með vaxtadag 7. sama mánaðar. Nam greiðslan 2.751.241.319 kr. og var lögð inn á reikning félagsins hjá Nýja Landsbanka Íslands hf. Með bréfi Fjármálaeftirlitsins til stefnanda, dags. 11. nóvember 2008, var tilkynnt að stjórn stofnunarinnar hefði ákveðið að áréttta að skuldbindingar vegna peningamarkaðsinnlána frá fjármálafyrirtækjum væru ekki fluttar til Nýja Landsbanka Íslands hf. með ákvörðun stofnunarinnar um ráðstöfun eigna og skulda Landsbanka Íslands hf. Þá liggur og fyrir bréf Fjármálaeftirlitsins, dags. 21. nóvember 2008, þar sem stofnunin kveðst telja rétt að gera frekari grein fyrir

meðferð svokallaðra peningamarkaðslána/innlána við uppskiptingu efnahagsreiknings gömlu bankanna. Kemur þar meðal annars fram að þegar um slík lán sé að ræða hafi verið fylgt þeirri reglu við uppskiptingu bankanna „að litið er á slíkar millifærslur sem innlán, nema þegar gagnaðili bankans hefur verið annað fjármálafyrirtæki. Í þeim tilvikum hefur verið litið á slíka millifærslu sem lánveitingu frá fjármálafyrirtæki sem hefur verið skilin eftir í gömlu bönkunum.“ Í málinu liggur fyrir yfirlýsing Deloitte hf., dags. 29. ágúst 2012, vegna uppgjörs á peningamarkaðsinnlánum milli stefnanda og Nýja Landsbanka Íslands hf., þar sem segir: „Til að jafna muninn á milli eigna og skulda sem NBI tók yfir gaf hann út skuldabréf fyrir mismuninum til LBI. Þar sem NBI hafði greitt hluta af umræddum peningamarkaðsinnlánum eftir skiptinguna þann 9. október 2008 leiddi það til þess að útgefið skuldabréf NBI til LBI er lægra sem nemur þessum greiðslum. LBI fékk því minna af eignum í sinn hlut við skiptinguna en hefði orðið ef umrædd peningamarkaðsinnlán hefðu ekki verið greidd eins og FME hafði ráðgert í ákvörðunum sínum.“

Í júlí 2010 sameinaðist stefndi UniCredit CAIB AG. Með riftunaryfirlýsingu til stefnda, dags. 15. ágúst 2011, lýsti slitastjórn stefnanda yfir riftun á framangreindri greiðslu og krafðist greiðslu á stefnufjárhæð málsins. Í riftunarlýsingunni kom fram að riftunin væri byggð á 134. og 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Stefndi mótmælir því að honum hafi borist riftunaryfirlýsingin. Þá byggir stefndi á því að hann hafi ekki tekið við neinum skuldbindingum gagnvart stefnanda við framangreinda sameiningu í júlí 2010, líkt og nánar er rakið í lýsingu á málsástæðum hans.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi vísar til þess að við slit fjármálafyrirtækis ráðstafi slitastjórn hagsmunum þess eftir sömu reglum og gilda um bústjórn skiptastjóra við gjaldþrotaskipti samkvæmt 103. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 7. gr. laga nr. 44/2009. Samkvæmt 4. mgr. 103. gr. framangreindra laga geti slitastjórn rift ráðstöfunum fjármálafyrirtækis í slitameðferð eftir sömu reglum og gildi um riftun ráðstafana þrotamanns við gjaldþrotaskipti, sbr. XX. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., enda sé sýnt að eignir fyrirtækisins muni ekki nægja til að efna skuldbindingar þess. Fyrir liggir að stefnandi geti ekki efnt að fullu skuldbindingar sínar við kröfuhafa sína, svo sem fram hafi komið á kröfuhafafundi stefnanda þann 23. nóvember 2009, í samræmi við fyrirmæli í 5. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 6. gr. laga nr. 44/2009. Stefnandi lýsi yfir riftun gagnvart stefnda á þeirri greiðslu sem stefnandi innti af hendi til stefnda þann 9. október 2008 og krefjist þess að dómurinn staðfesti riftunaryfirlýsingu og fjárkröfu sem send hafi verið til stefnda með bréfi, dags. 15. ágúst 2011.

Stefnandi kveður riftun á greiðslu tilgreindrar skuldar, samkvæmt samningi stefnanda og stefnda um peningamarkaðsinnlán, vera reista á 134. og 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Stefnandi byggir á því að skilyrði beggja ákvæðanna séu uppfyllt en tekur fram að nægjanlegt sé, til að riftun nái fram að ganga, að skilyrði annars hvors ákvæðisins teljist uppfyllt.

Stefnandi byggir á því að með hliðsjón af fjárhagsstöðu stefnanda, þegar greiðsla peningamarkaðsinnlánsins var innt af hendi, hafi greiðslan skert greiðslugetu bankans verulega í skilningi 134. gr. laga nr. 21/1991. Fyrir liggir að stefnandi hafi verið ógjaldfær þegar greiðslan var innt af hendi og kröfuhöfum því verið mismunað með greiðslunni. Samtals hafi verið greiddar 43.672.201.488 kr., 280.034 sterlingspund og 40.579.742 Bandaríkjadalir vegna peningamarkaðsinnlána til fjármálafyrirtækja á tímabilinu 7. október til 19. nóvember 2008. Þá liggir fyrir að stefnandi hafi ekki haft fjármuni til að greiða hina umdeildu kröfu og kröfur annarra fjármálafyrirtækja vegna peningamarkaðsinnlána. Fjármagna hafi þurft greiðslurnar m.a. með láni frá Seðlabanka Íslands. Ljóst sé að greiðslan til stefnda og sambærilegar greiðslur hafi skert greiðslugetu stefnanda verulega í skilningi 134. gr. laga nr. 21/1991. Auk þess sé á því byggt, eins og atvikum hafi verið háttað, að skuldin hafi verið greidd fyrir en eðlilegt var enda hafi, vegna fjárhagsstöðu bankans og óvissu um efndir skuldbindinga, ekki verið réttmætt að greiða peningamarkaðsinnlánið á þessum degi. Þá sé á því byggt að greiðslan geti ekki verið venjuleg eftir atvikum, þegar af þeirri ástæðu að kröfuhöfum bankans hafi verið eða hafi mátt vera kunnugt um fall bankans og ógjaldfærni hans.

Kröfur stefnanda byggjast einnig á því að það hafi verið ótilhlýðilegt í skilningi 141. gr. laga nr. 21/1991 að greiða einstökum kröfuhöfum út fjármuni þegar ljóst var að stefnandi var ógjaldfær og ljóst mátti vera að viðkomandi greiðsla gæti skert jafnræði kröfuhafa. Þá telur stefnandi að líta verði svo á að kröfuhafar bankans, og þá sérstaklega fjármálafyrirtæki, hafi vitað eða mátt vita um ógjaldfærni stefnanda í síðasta lagi frá skipun skilanefndar bankans. Stefnandi telur að í ljósi þeirra aðstæðna sem voru á íslenskum fjármálamarkaði þegar greiðslurnar áttu sér stað og þess að stefnandi var ógjaldfær, hafi ekki verið tilhlýðilegt af stjórnendum stefnanda að greiða upp peningamarkaðsinnlánið. Þessi ótilhlýðileiki og ógjaldfærni bankans hafi mátt vera ljós öllum þeim sem áttu viðskipti á íslenskum fjármálamarkaði eftir skipun skilanefndar bankans í byrjun dags 7. október 2008.

Með vísan til 142. gr. laga nr. 21/1991 krefst stefnandi þess að stefndi greiði stefnanda 2.751.241.319 kr. með vöxtum. Stefnandi byggir aðallega á því að stefndi skuli greiða vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá því að greiðslan var innt af hendi til upphafs dags dráttarvaxtareiknings, þar sem endurheimtukrafa vegna riftunar á grundvelli 141. gr. sé skaðabótakrafa samkvæmt 3. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991. Til vara byggir stefnandi á því að stefnda beri að greiða vexti á umræddu tímabili samkvæmt 4. gr.

laga nr. 38/2001. Krafan um dráttarvexti miði við að þeir reiknist á kröfuna mánuði eftir að áskorun um greiðslu var send stefnda, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

Stefnandi tekur fram að UniCredit CAIB AG hafi verið aðili að umræddum viðskiptum við stefnanda en krafa stefnanda sé sett fram gegn stefnda þar sem UniCredit CAIB AG hafi sameinast stefnda þann 1. júlí 2010. Um lagatilvísanir tekur stefnandi fram að hann byggir kröfur sínar á lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., einkum 134. gr., 141. gr. og 142. gr. laganna. Vaxtakröfur séu reistar á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, einkum 4. gr., 3. mgr. 5. gr., 6. gr. og 1. mgr. 8. gr. laganna. Kröfu um málskostnað byggir stefnandi á ákvæðum XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og tekur fram að hann sé ekki virðisaukaskattskyldur.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að hann eigi ekki aðild að málinu. Mótaðili stefnanda að samningnum um peningamarkaðsinnlánið hafi verið UniCredit CAIB AG. Áður en stefndi og UniCredit CAIB AG sameinuðust í júlí 2010 hafi UniCredit CAIB AG verið skipt upp og annar sjálfstæður lögaðili tekið við tilteknum eignum og skuldum þess, þar á meðal öllum skammtíma peningamarkaðsviðskiptum. Þá hafi yfirtökufélagið einnig tekið yfir allar skuldbindingar gagnvart íslenskum fjármálafyrirtækjum sem verið hafi í slitameðferð. Í ljósi framangreinds beini stefnandi kröfum sínum að röngum aðila í málinu. Stefndi beri ekki ábyrgð á peningamarkaðslánum UniCredit CAIB AG til stefnanda og hafi ekki notið góðs af þeirri greiðslu, sem nú sé reynt að rifta. Stefndi telur að sönnunarbyrði fyrir aðild stefnda hvíli á stefnanda. Engin slík gögn hafi verið lögð fram. Af þeim sökum sé aðildarskortir fyrir að fara af hálfu stefnda og því beri að sýkna hann samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefndi byggir sýknukröfu sína jafnframt á því að stefnandi eigi ekki aðild að málinu, enda hafi það í raun verið Landsbankinn hf. sem greitt hafi UniCredit CAIB AG peningamarkaðsinnlánið þann 9. október 2008 en ekki stefnandi. Málalátbúnaður stefnanda sé ekki afdráttarlaus um það hvort það hafi verið stefnandi eða Landsbankinn hf. sem innti hina umþrættu greiðslu af hendi, en þó megi ráða af málalátbúnaðinum að það hafi verið Landsbankinn hf. Beri því að sýkna stefnda á grundvelli 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Verði ekki fallist á kröfu stefnda um sýknu vegna aðildarskorts, byggir stefndi á því að sú ráðstöfun sem fólst í greiðslu stefnanda þann 9. október 2008 sé ráðstöfun sem framkvæmd hafi verið af skilanevnd stefnanda og stefnandi sé bundinn af henni. Vísar stefndi til heimilda Fjármálaeftirlitsins samkvæmt lögum nr. 125/2008 um heimildir til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á

fjármálamarkaði o.fl. og tekur m.a. fram að samkvæmt 4. mgr. 5. gr. laganna hafi Fjármálaeftirlitið skipað stefnanda fimm manna skilanefnd þann 7. október 2008, sem fara skyldi með allar heimildir stjórnar samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög og öll málefni stefnanda. Ljóst sé af gildandi lögum á þeim tíma sem greiðslan fór fram, að skilanefnd hafi farið með skiptastjórn þrotabús stefnanda, sbr. einnig orðalag laga nr. 129/2008 og 44/2009. Slitastjórn stefnanda hafi engar lagaheimildir til að vefengja eða breyta ráðstöfunum skilanefndar frá þeim tíma er skiptastjórn hafi alfarið verið í höndum skilanefndar og geti því ekki rift umræddri ráðstöfun.

Verði ekki fallist á framangreint byggir stefndi á því að skilyrði riftunar samkvæmt lögum nr. 21/1991 séu ekki uppfyllt í málinu, hvorki skilyrði 134. gr. né 141. gr. Ekkert þeirra atriða sem nefnd séu í 134. gr. eigi við í málinu og því sé ekki um riftanlegar ráðstafanir að ræða í skilningi ákvæðisins. Stefnandi hafi greitt umrædda fjárhæð til UniCredit CAIB AG þann 9. október 2008, en greiðslan verið með vaxtadag á gjalddaga, þann 7. október 2008. Um hafi verið að ræða greiðslu á gjalddaga á kröfu samkvæmt samningi aðila og hún hafi að öllu leyti verið í samræmi við skilmála um fjárhæð, vexti og annað. Stefndi byggir á því að umsamin greiðsla teljist alltaf venjulegur greiðslueyrir í skilningi 134. gr. laga nr. 21/1991, enda eigi skuldari alltaf rétt á að efna samning í samræmi við efni hans.

Stefndi hafnar því alfarið að greiðslan hafi skert greiðslugetu stefnanda verulega í skilningi 134. gr. laga nr. 21/1991. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að greiðslan hafi haft áhrif á meinta ógjaldfærni stefnanda. Í raun sé fráleitt að halda því fram að greiðslan hafi skert greiðslugetu, þegar fyrir liggir að UniCredit CAIB AG lánaði umrædda fjárhæð aðeins þremur dögum áður en stefnandi endurgreiddi hana, eða aðeins einum degi áður ef tekið sé tillit til vaxtadags greiðslunnar. Fjármunir hafi því runnið inn til stefnanda og strax út aftur án þess að breyta neinu um greiðslugetu hans. Þá hafi fjárhæðin verið afar lítill hluti af eignum stefnanda á þessum tíma og ekki skipt sköpum við mat á greiðslugetu hans, hvað þá skert hana verulega. Samkvæmt fjárhagsyfirliti stefnanda fyrir þriðja ársfjórðung 2011 nemi eignir hans alls um 1.353 milljörðum króna og því hafi umrædd fjárhæð numið 0,2033% af eignum stefnanda. Þá verði að hafa í huga að stefnandi hafi ekki fengið heimild til greiðslustöðvunar fyrr en 5. desember 2008, eða um tveimur mánuðum eftir að greiðslan átti sér stað.

Stefndi hafnar málatilbúnaði stefnanda þess efnis að skuldin hafi verið greidd fyrr en eðlilegt var í skilningi 134. gr. laga nr. 21/1991 og kveður málsástæður stefnanda að því leyti með öllu órökstuddar. Greiðslan hafi í raun farið fram á gjalddaga samningsins og geti því ekki talist hafa farið fram fyrr en eðlilegt var, en 134. gr. laga nr. 21/1991 sé að þessu leyti fyrst og fremst ætlað að ná til tilvika þar sem greiðsla hefur farið fram fyrir gjalddaga. Greiðslan hafi verið gerð með peningum, sem teljist venjulegur greiðslueyrir í skilningi ákvæðisins.

Stefndi byggir á því að jafnvel þótt fallist verði á að eitthvert framangreindra skilyrða 134. gr. laga nr. 21/1991 teljist uppfyllt, verði að líta svo á að greiðslan teljist venjuleg eftir atvikum, sem leiði til þess að riftun nái ekki fram að ganga. Stefndi hafnar málatilbúnaði stefnanda þess efnis að greiðslan hafi ekki verið venjuleg eftir atvikum þar sem kröfuhöfum bankans hafi verið eða hafi mátt vera kunnugt um fall bankans og ógjaldfærni hans. Stefndi kveður 134. gr. fyrst og fremst vera ætlað að taka til greiðslna á skuldum, sem fram hafi farið með öðrum hætti eða við aðrar aðstæður en upphaflega hafi verið gert ráð fyrir. Hér hafi verið um að ræða greiðslu á skuld með peningum, á gjalddaga og að öllu leyti í samræmi við skilmála samninga aðila. Með öðrum orðum hafi ekkert óvenjulegt átt sér stað. Hafa verði í huga að peningamarkaðsinnlán hafi verið eðlilegur þáttur í daglegri starfsemi stefnanda. Greiðslur á þeim hafi verið framkvæmdar daglega með nánast sjálfvirkum hætti. Engum þrýstingi hafi verið beitt af hálfu UniCredit CAIB AG til að fá greiðsluna í gegn. Leiðbeiningarreglan við mat á því hvort greiðslur teljist venjulegar eftir atvikum í skilningi 134. gr. laga nr. 21/1991 sé sú að greiðslur sem hefðu farið fram á sama tíma og með sama hætti, þótt fjárhagsvandræði skuldarans hefðu ekki komið til, séu venjulegar eftir atvikum. Greiðslur sem inntar séu af hendi án þess að það sé fyrir áhrif frá aðsteðjandi fjárhagsvandræðum skuldara séu almennt venjulegar eftir atvikum. Að mati stefnda eigi þetta ótvírætt við í því tilviki sem hér um ræðir.

Stefndi hafnar því enn fremur að skilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991 séu uppfyllt í málinu og telur ekkert þeirra atriða sem þar greinir eiga við í því. Stefndi hafnar því að greiðslan hafi verið ótilhlýðileg í skilningi ákvæðisins. Í fyrsta lagi geti greiðsla á gjaldfallinni skuld á gjalddaga með peningum aldrei verið ótilhlýðileg. Í öðru lagi hafi greiðslan ekki falið í sér mismunun kröfuhafa á nokkurn hátt, ekki leitt til þess að eignir stefnanda væru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum og ekki leitt til skuldaaukningar stefnanda, enda hafi hann fengið fjárhæðina að láni 6. október 2008 og hún runnið aftur út daginn eftir. Þá verði við mat á tilhlýðileika greiðslunnar að byggja á því að það hafi verið sjálf skilanefndin sem innti hana af hendi, en stjórn stefnanda hafi verið í höndum hennar þegar greiðslan átti sér stað. Hljóti að mega ganga út frá því að gagnvart viðsemjendum stefnanda séu ráðstafanir skilanefndar hans í öllum tilvikum tilhlýðilegar í skilningi 141. gr. laga nr. 21/1991. Hafi það verið ætlun skilanefndar að engar greiðslur til kröfuhafa stefnanda yrðu inntar af hendi, hafi henni verið í lófa lagið að stöðva slíkar greiðslur. Þá telur stefndi að líta beri til þess við beitingu 141. gr., að krafan sem greidd var hafi verið forgangskrafa í bú stefnanda og ráðstöfunin ekki verið UniCredit CAIB AG til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa sem áttu kröfur með sömu réttihæð, enda telji skilanefnd stefnanda að eignir hans dugi fyrir greiðslu forgangskrafna.

Stefndi hafnar því með öllu að UniCredit CAIB AG hafi vitað eða mátt vita um meinta ógjaldfærni stefnanda og meintan ótilhlýðileika á þeim tíma sem greiðslan átti sér stað, þ.e. 9. október 2008. Stefndi beri sönnunarbyrði um slíka vitneskju, en hafi ekkert fært fram sem bendi til hennar. Stefndi hafi ekki verið veitt heimild til greiðslustöðvunar fyrr en í byrjun desember 2008, um tveimur

mánuðum eftir að hin umdeilda greiðsla átti sér stað. Að mati stefnda sé ekki hægt að ætlast til þess að UniCredit CAIB AG, sem sé fjármálafyrirtæki sem starfi í öðru landi en stefnandi, hafi haft eða átt að hafa þess háttar upplýsingar um meinta ógjaldfærni stefnanda strax 9. október 2008, sem krafist sé samkvæmt 141. gr. laga nr. 21/1991.

Stefndi mótmælir endurgreiðslukröfu stefnanda samkvæmt 142. gr. laga nr. 21/1991. Stefndi kveður stefnanda hafa í engu rökstutt í hverju auðgun stefnda sé fólgin. Ef UniCredit CAIB AG hefði ekki fengið innlán sitt greitt á gjalddaga hefði krafan fengist að fullu greidd við slitameðferð stefnanda, enda sé ljóst að slíkar kröfur séu forgangskröfur samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002. Auðgun stefnda sé því engin og því hafi stefndi hvorki haft hag af riftanlegri ráðstöfun, né hafi greiðsla þrotamannsins orðið honum að notum, sbr. 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991. Þá hafi stefnandi ekki heldur útskýrt, með vísan til framangreinds, hvert tjón þrotabúsins sé. Af þessum sökum beri að sýkna stefnda af endurgreiðslukröfu stefnanda.

Stefndi hafnar vaxtakröfu stefnanda. Verði fallist á dómkröfur stefnanda um riftun og greiðslu stefnda á 2.751.241.319 kr., hafnar stefndi því að honum beri að greiða vexti af kröfunni. Fjármálefirlitið hafi verið búið að skipa stefnanda skilanefnd þegar greiðslan átti sér stað og ef greiðslan er riftanleg, telji stefndi sig ekki eiga að bera hallann af þeirri ákvörðun skilanefndar að inna greiðsluna af hendi. Þá hafnar stefndi kröfu stefnanda um dráttarvexti frá 15. september 2011, en í því sambandi hafnar stefndi því að honum hafi borist yfirlýsing stefnanda um riftun þann 15. ágúst 2011. Krafan geti því í fyrsta lagi borið dráttarvexti frá máshöfðun, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Í greinargerð stefnda er tekið fram að verði fallist á kröfu stefnanda um endurgreiðslu stefnda á 2.751.241.319 kr. í heild eða að hluta, lýsi stefndi yfir skuldajöfnuði á lýstum kröfum stefnda í bú stefnanda, sem hafi tilvísunarnúmerin 200911-3708 og 200911-3661 í kröfuskra stefnda, á móti þeirri fjárhæð sem stefndi kunni að verða dæmdur til að greiða stefnanda.

Um lagarök vísar stefndi til almennra reglna samninga-, kröfu- og gjaldþrotaréttar, ákvæða laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki ásamt síðari breytingum og laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., einkum 134. og 141. gr. Um kröfu um málskostnað vísar stefndi til XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 129. og 130. gr. Stefndi sé ekki skattskyldur aðili hér á landi samkvæmt ákvæðum laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og beri því nauðsyn að fá dóm fyrir skattinum úr hendi stefnanda við ákvörðun málskostnaðar.

Niðurstaða

Eins og rakið er að framan gerðu stefnandi og UniCredit CAIB AG með sér samning um peningamarkaðsinnlán þann 6. október 2008 og lagði síðarnefnda félagið þá inn fé hjá stefnanda samkvæmt samningnum. Þann 9. október 2008 endurgreiddi Nýi Landsbanki Íslands hf. lánið ásamt vöxtum inn á reikning UniCredit CAIB AG hjá bankanum, með vaxtadag 7. sama mánaðar, sem var umsáminn gjaldþroti lánsins. Með málshöfðuninni leitar stefnandi eftir staðfestingu á riftun síðarnefndu greiðslunnar og krefst endurgreiðslu stefnda á henni, en stefndi og UniCredit CAIB AG sameinuðust í júlí 2010.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að hann eigi ekki aðild að málinu. Áður en stefndi og UniCredit CAIB AG sameinuðust hafi síðarnefnda félaginu verið skipt upp og annar sjálfstæður lögaðili tekið við tilteknum eignum og skuldum þess, þar á meðal öllum skammtíma peningamarkaðsviðskiptum. Þá hafi yfirtökufélagið einnig tekið yfir allar skuldbindingar gagnvart íslenskum fjármálafyrirtækjum sem verið hafi í slitameðferð. Stefndi hefur engin gögn lagt fram til stuðnings þessum fullyrðingum, né tilgreint um hvaða lögaðila sé að ræða, en það stendur honum nær að leggja fram gögn og upplýsingar til stuðnings umræddum fullyrðingum. Í ljósi þessa, sem og almennra reglna um yfirtöku eigna og skulda við samruna, verður að hafna því að stefndi sé ekki réttur aðili að málinu, en óumdeilt er að áður nefnd sameining átti sér stað í júlí 2010.

Stefndi byggir jafnframt á því að stefnandi eigi ekki aðild að málinu, þar sem það hafi verið Nýi Landsbanki Íslands hf. sem greitt hafi peningamarkaðsinnlánið þann 9. október 2008. Líkt og rakið er í málavaxtalýsingu tók Fjármálaeftirlitið ákvörðun hinn 9. október 2008 um ráðstöfun eigna og skulda stefnanda til Nýja Landsbanka Íslands hf. Á grundvelli þessarar ákvörðunar voru peningamarkaðsinnlán sem fjármálafyrirtæki höfðu lagt inn hjá stefnanda í upphafi færð yfir til Nýja Landsbanka Íslands hf., sem endurgreiddi það peningamarkaðsinnlán sem hér um ræðir, auk fleiri slíkra lána. Í bréfum Fjármálaeftirlitsins í nóvember 2008 var tekið fram að ákvörðun stofnunarinnar frá 9. október 2008 fæli ekki í sér að skuldbindingar vegna slíkra lána væru fluttar til nýja bankans og hefur Hæstiréttur lagt þá réttarstöðu til grundvallar, sbr. dóm réttarins 17. janúar 2013 í máli nr. 169/2011. Samkvæmt fyrirbyggjandi yfirlýsingu Deloitte hf., sem rakin er í málavaxtalýsingu, var útgefið skuldabréf Nýja Landsbanka Íslands hf. til stefnanda lægra sem nemur þeim greiðslum á framangreindum peningamarkaðsinnlánum sem Nýi Landsbanki Íslands hf. innti af hendi. Af þessu leiðir að sú ráðstöfun Nýja Landsbanka Íslands hf., að endurgreiða umrædda skuld stefnanda við UniCredit CAIB AG, leiddi til þess að þeir fjármunir sem um ræðir voru stefnanda ekki lengur til ráðstöfunar. Verður því að hafna því að stefnandi sé ekki réttur aðili til að setja fram þær kröfur á hendur stefnda sem mál þetta snýst um.

Um riftun byggir stefnandi á 134. og 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Í 1. mgr. 134. gr. laganna kemur fram að krefjast megi riftunar á greiðslu skuldar á síðustu sex mánuðum fyrir frestdag ef greitt var með óvenjulegum

greiðslueyri, fyrr en eðlilegt var eða greidd var fjárhæð sem hefur skert greiðslugetu protamannsins verulega, nema greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum. Óumdeilt er að hin umdeilda greiðsla þann 9. október 2008 var innan sex mánaða tímamarksins í ákvæðinu, enda er frestdagur við slitameðferðina 15. nóvember 2008. Þá er ekki á því byggt af hálfu stefnanda að greitt hafi verið með óvenjulegum greiðslueyri, heldur snýst deilan að því er varðar 1. mgr. 134. gr. um það hvort greitt var fyrr en eðlilegt var eða hvort hin greidda fjárhæð hafi skert greiðslugetu stefnanda verulega í skilningi ákvæðisins. Þá er um það deilt hvort greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum, en slíkt útilokar riftun samkvæmt ákvæðinu, sbr. lokaorð þess.

Sú réttarstaða sem uppi var þegar greiðslan var innt af hendi er á ýmsan hátt sérstök með tilliti til dæmigerðrar aðstöðu við gjaldþrotaskipti. Þannig er ljóst að Fjármálaeftirlitið hafði tekið yfir vald hluthafafundar í stefnanda, vikið stjórn hans frá og sett yfir hann skilanevnd, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, og litið hefur verið svo á að á tímabilinu frá 7. október 2008 til 22. apríl 2009 hafi stefnandi verið í aðstöðu, sem leggja megi að jöfnu við að hafin væru gjaldþrotaskipti á búi hans að því er varðar tilkall annarra á grundvelli eignarréttinda til peninga í vörslum hans og mat á því tímamarki sem við er miðað í 3. tölul. 110. gr. laga nr. 21/1991, sbr. dóma Hæstaréttar 28. nóvember 2011 í máli nr. 441/2011 og 22. mars 2012 í máli nr. 112/2012. Á hinn bóginn er ljóst að stefnandi var ekki í greiðslustöðvun þegar greiðslan var innt af hendi, frestdagur var enn ekki kominn og slitameðferð hófst ekki fyrr en síðar. Þá er ljóst að þótt greiðslugeta stefnanda virðist hafa verið afar takmörkuð þann 9. október 2008 þá stóð hún í beinum tengslum við þau skil sem gerð voru þann dag milli nýja og gamla bankans, auk þess sem það var ekki stefnandi sem stóð skil á greiðslunni á þessum tímamarki, sem jafnframt verður að teljast lág þegar litið er til uppgjörs stefnanda stuttu fyrir fall bankans og síðari stöðu slitabúsins.

Að mati dómsins er ekki þörf á því að taka hér sérstaklega afstöðu til þess hvort greiðslan við framangreindar aðstæður fól í sér að greitt væri fyrr en eðlilegt var eða hvort fjárhæðin hafi skert greiðslugetu stefnanda verulega í skilningi 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991, þegar af þeirri ástæðu að greiðslan hafi í öllu falli virst venjuleg eftir atvikum í skilningi lokaorða ákvæðisins. Í því sambandi skal í fyrsta lagi nefnt að orðalag ákvæðisins að þessu leyti gefur vísbendingar um að ekki séu gerðar strangar kröfur um sönnun í slíkum tilvikum. Leiðbeiningarreglan við mat á þessu atriði hefur verið talin vera sú, að greiðslur sem hefðu farið fram á sama tíma og með sama hætti, þótt fjárhagsvandræði skuldans hefðu ekki komið til, séu venjulegar eftir atvikum. Með öðrum orðum séu greiðslur, sem inntar eru af hendi án þess að það sé fyrir áhrif frá aðsteðjandi fjárhagsvandræðum skuldara, venjulegar eftir atvikum. Að mati dómsins stendur umrædd leiðbeiningarregla til þess að miðað verði við að greiðslan sem hér um ræðir hafi virst venjuleg eftir atvikum. Um var að ræða samning um peningamarkaðsinnlán til eins dags. Lánsfjárhæðin var lögð inn á reikning stefnanda á samningsdeginum, þann 6. október 2008, og endurgreidd þann 9. október 2008, ásamt vöxtum sem miðuðust við gjalddaga lánsins þann 7. október 2008. Gjalddagi var þannig kominn og tegund og fjárhæð greiðslunnar til samræmis við samning aðila, sem telja verður að

hafi verið í samræmi við tíðkanlegar venjur á slíkum markaði. Greiðslan var samkvæmt þessu til samræmis við tíðkanlegan skammtímasamning, sem hefði verið efnður með sömu greiðslu þótt fjárhagsvandræði stefnanda hefðu ekki komið til.

Stefnandi byggir á því að greiðslan geti ekki talist venjuleg eftir atvikum þegar af þeirri ástæðu að kröfuhöfum bankans hafi verið kunnugt eða hafi mátt vera kunnugt um fall bankans og ógjaldfærni hans. Vegna þessa skal tekið fram að þótt reglan í 1. mgr. 134. gr. laga nr. 21/1991 sé hlutlæg riftunarregla, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar 18. desember 2012 í máli nr. 720/2012, hefur gjarnan verið litið til þess, við mat á því hvort greiðsla hafi virst venjuleg eftir atvikum í skilningi lokaorða ákvæðisins, hvað gagnaðila var eða mátti vera ljóst um aðstæður þrotamannsins, sbr. dóma Hæstaréttar 29. apríl 1999 í máli nr. 442/1998, 11. nóvember 2004 í máli nr. 270/2004 og 27. september 2012 í máli nr. 702/2011. Að mati dómsins getur yfirtaka Fjármálaeftirlitsins á stefnanda og skipun skilaneftirlitsins yfir honum hins vegar ekki breytt því að greiðslan hafi virst venjuleg eftir atvikum í skilningi ákvæðisins. Í því sambandi athugast að jafnvel þótt leggja verði til grundvallar að UniCredit CAIB AG hafi, sem fjármálafyrirtæki á alþjóðlegum markaði, haft vitneskju um fjárhagslega erfiðleika stefnanda eftir skipun skilaneftirlitsins 7. október 2008, var sú vitneskja, sem og það að stofnaður hafði verið nýr banki er tók við hluta af eignum og skuldbindingum stefnanda, til þess fallin að vekja traust hjá félaginu um að greiðslur sem inntar væru af hendi til þess ættu sér stað að tilhlutan skilaneftirlitsins, sem fór þá með stjórn stefnanda í krafti opinbers valds, eða væru eftir atvikum þáttur í starfsemi hins nýja banka.

Hér athugast jafnframt að þess sér hvergi stað að skilaneftirlit stefnanda hafi á umræddum tíma gert athugasemdir við að slík peningamarkaðsinnlán væru greidd upp af Nýja Landsbanka Íslands hf., en hinn nýi banki hlaut eðli málsins samkvæmt að leitast við að efna þær skuldbindingar sem miðað var við að flust hefðu til hans. Þá liggur ekkert fyrir um að UniCredit CAIB AG hafi sérstaklega leitað eftir umræddri greiðslu, heldur virðist hún hafa borist að frumkvæði Nýja Landsbanka Íslands hf., til samræmis við áðurnefndan og tíðkanlegan skammtímasamning á slíkum markaði. Samkvæmt öllu framansögðu verður að leggja til grundvallar að sú greiðsla sem hér um ræðir hafi virst venjuleg eftir atvikum í skilningi 134. gr. laga nr. 21/1991 en af því leiðir sem fyrir segir að riftun verður ekki byggð á ákvæðinu.

Í 141. gr. laga nr. 21/1991 kemur fram að krefjast megi riftunar ráðstafana sem á ótilhlýðilegan hátt eru kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, leiða til þess að eignir þrotamannsins verði ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiða til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns, ef þrotamaðurinn var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og sá sem hafði hag af henni vissi eða mátti vita um ógjaldfærni þrotamannsins og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin væri ótilhlýðileg. Með vísan til þeirra atvika og aðstæðna, sem að framan er vikið að, hafði sú greiðsla sem um er deilt ekki á sér neitt það yfirbragð að tilefni væri fyrir UniCredit CAIB AG til að ætla að greiðslan fæli í sér mismunun kröfuhafa eða að

hún væri á annan hátt ótilhlýðileg í skilningi ákvæðisins. Verður þannig ekki talið að fyrir liggi sú grandsemi um ótilhlýðileika, sem 141. gr. laga nr. 21/1991 áskilur. Þegar af þeirri ástæðu verður riftun ekki byggð á ákvæðinu.

Samkvæmt framangreindu eru hvorki efni til að fallast á riftunarkröfu stefnanda á grundvelli 134. gr. laga nr. 21/1991 né 141. gr. sömu laga. Af því leiðir að stefndi verður sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Með hliðsjón af úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað. Við ákvörðun málskostnaðar verður litið til þess að málið er eitt þriggja samkynja mála sem rekin hafa verið samhliða fyrir dóminum. Samkvæmt þessu, og að teknu tilliti til umfangs málsins, þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn 750.000 kr. og hefur þá verið tekið tillit til þess að stefndi er ekki virðisaukaskattsskyldur samkvæmt íslenskum lögum.

Af hálfu stefnanda flutti málið Sigurður Logi Jóhannesson hdl.

Af hálfu stefnda flutti málið Fanney Frímannsdóttir hdl.

Dóminn kveður upp Eiríkur Jónsson, settur héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, UniCredit Bank AG, er sýkn af kröfum stefnanda, LBI hf.

Stefnandi greiði stefnda 750.000 krónur í málskostnað.

Eiríkur Jónsson